

Viðauki við samkomulag fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Samiðnar f.h. aðildarféлага hins vegar, um breytingar og framlengingar á kjarasamningum aðila, undirritað 28. mars 2014

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum verði unnið að frekari útfærslu á gerð og framkvæmd stofnanasamninga.

Í því augnamiði munu aðilar standa fyrir sameiginlegri fræðslu fyrir stjórnendur stofnana og fulltrúa stéttarféлага í samstarfsnefndum um gerð stofnanasamninga. Markmiðið er að fulltrúar beggja vegna borðsins fái sameiginlegan skilning á markmiðum og uppbyggingu samninganna.

Stýrihópur skipaður fulltrúum ríkisins, stéttarféлага og fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana hefur umsjón með gerð námsskrár og skipulagningu fræðslunnar. Leitað verði eftir sem víðtækastri samvinnu um verkefnið.

Bókun 2

Til að tryggja að laun félagsmanna Samiðnar, f.h. aðildarféлага sem starfa hjá ríkinu þróist í takt við laun félagsmanna hjá öðrum launagreiðendum munu allir í launaflokki 23 og þar fyrir ofan fá 0,6% viðbótarhækkun. Greitt verður samkvæmt nýrri launatöflu frá 1. júní en vegna 0,6% viðbótarhækkunar frá mars til maí 2014 verður greidd eingreiðsla kr. 10.000.

Bókun 3

Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun senda stofnunum þar sem félagsmenn Samiðnar eru að störfum bréf þar sem mælt er til þess að stofnanir bregðist skjótt og jákvætt við beiðni félagsins um gerð, eða eftir atvikum endurskoðun, stofnanasamnings vegna þeirra starfa sem falla undir samningssvið Samiðnar.

Reykjavík, 26. maí 2014

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra

Halldóra Friðjónsdóttir (sign.)
Stefanía S. Bjarnadóttir (sign.)

f.h. Samiðnar

Hilmar Harðarson (sign.)
Þorbjörn Guðmundsson (sign.)